

**Ályktun um gerð svæðisskipulags**

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta.

Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðaþróun á Vestfjörðum til framtíðar.